

Íslenska gámafélagið ehf.
Koparsléttu 22
162 Reykjavík

3. nóvember 2025
UOS2501489/K.G.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 7. október 2025, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í Íslenska gámafélagið ehf. þann 21. ágúst 2025. Þann 31. október 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi.** Söfnunarþró fyrir frárennsli ekki til staðar í spilliefnamóttöku. Starfsleyfi kveður á um slíkan búnað.

Rekstraraðili hyggst færa spilliefnamóttöku í nýreista aðstöðu fyrir spilliefnamóttöku að Kalksléttu 1, sem ber sama staðheiti og núverandi aðstaða. Samkvæmt rekstraraðila er verið er að skipuleggja svæðið í húsinu sem fer undir starfsemi. Þegar búið er að því verður niðurstaðan teiknuð upp og skilað til UOS til umsagnar, í síðasta lagi 7. nóvember næstkomandi. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið og spilliefnamóttakan flytji 1. febrúar 2026 og verði rekin í sama húsi og málmaflokkunin þar til búið verður að koma upp aðstöðu fyrir málmaflokkunina.

2. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Olíu- og sandskilja af flokki 2 (NS13) stenst ekki skilyrði starfsleyfis. Starfsleyfið kveður á um losunarmörk 10 mg/l sem aðeins skilja af flokki 1 getur uppfyllt.

Allt frárennsli frá nýreistri aðstöðu fer í 6m³ steypa söfnunarþró þar sem tekið verður sýni úr frárennslinu áður en því verður hleypt út í frárennsliskerfið. Úr safnþrónni fer frárennslið í gegnum sambyggða sand- og olíuskilju (flokkur 1) af stærð 13 NS (13 L/s). Mörk fyrir magn olíu í útfalli eru því <5 mg/L (skv staðli). Skiljan er með vöktunarbúnaði, útloftunarpípu og loka.

3. **Gr. 2.3 í starfsleyfi.** Spilliefni geymd utandyrá í ólæstum hirslum. Öll spilliefni skulu geymd innandyrá eða í læstum gámum utan vinnutíma.

Samkvæmt rekstraraðila barst spilliefnamóttökunni, vegna sumarleyfa mikið magn í einu og það gekk hægar að flokka efnið. En til að koma í veg fyrir þetta hefur verið ítrekað fyrir rekstrarstjórum fyrirtækisins úti á landi að frágangur spilliefna verði að vera góður til að hægja ekki á flokkuninni í spilliefnamóttökunni og þannig er komið í veg fyrir mikilli söfnun á óflokkuðu efni.

4. **Gr. 4.2 í starfsleyfi.** Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar hjá rekstraraðila 2024. Rekstraraðili skal vakta frárennsli einu sinni á ári og fyrir hverja tæmingu safnþróar. **Rekstraraðili hefur uppfært verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Þar kemur fram verklag við reglubundið viðhald og framkvæmd vöktunarmælinga. Frávikin er lokið**
5. **Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Skortur á verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. **Rekstraraðili hefur uppfært verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Þar kemur fram verklag við reglubundið viðhald og framkvæmd vöktunarmælinga. Rekstrarstjóri sér til þess að sýni séu tekin og þau send Matís til greininga. Frávikin er lokið.**
6. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Of há gildi mældust fyrir olíu (12 mg/L) og blý (0,896 mg/L) í úttaki olíuskilju, umfram leyfileg mörk starfsleyfis (10 mg/L og 0,3 mg/L). **Rekstraraðili hefur framkvæmt mælingar í ágúst 2025 sem voru undir mörkum starfsleyfis. Frávikin er lokið.**
7. **Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Seinkun á skilum ársyfirlits 2024. Rekstraraðila ber að skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirliti 2024 var skilað 26 ágúst 2026. Frávikin er lokið.**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits